

**FRÁSÖGN**

*af fundum þingmannanefndar og ráðherra EFTA og tengdum fundum í Genf og Brussel  
14.-16. nóvember 2011*

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefnda EFTA og EES sóttu fundina þau Árni Þór Sigurðsson formaður (Brussel-fundi), Magnús Orri Schram, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Skúli Helgason (Brussel-fundi) og Þorgerður K. Gunnarsdóttir, auk Stígs Stefánssonar ritara Íslandsdeildar. Í Genf fór fram fundur þingmanna og ráðherraráðs EFTA sem skipað er utanríkisviðskiptaráðherrum ríkjanna um fríverslunarmál en í Brussel átti þingmannanefndin fund með utanríkisráðherrum EES/EFTA-ríkjanna um EES-mál. Í Brussel fór einnig fram fundur með sveitarstjórnarvettvangi EFTA og ráðstefna þingmannanefndar og ráðgjafanefndar EFTA um stöðu lítilla Evrópuríkja í yfirstandandi fjármálakreppu.

Á sameiginlegum fundi þingmanna og ráðherraráðs EFTA í Genf var einkum fjallað um gerð fríverslunarsamninga EFTA, en það er fastur dagskrárliður á slíkum fundum. Engin ríkjasamtök náð meiri árangri í gerð fríverslunarsamninga að Evrópusambandinu undanskildu og eru fríverslunarsamningar EFTA nú 24 talsins. Á fundinum flutti Trond Giske, viðskiptaráðherra Noregs, framsögu um stöðu og horfur fríverslunarsamninga EFTA. Fríverslunarsamningur var undirritaður við Svartfjallaland sama dag auk þess sem viðræður voru formlega hafnar við Kosta Ríka, Hondúras og Panama. Mikilvægustu viðræður EFTA standa yfir við Indland og Rússland. Þróun viðræðna við Indland hefur verið hægari en búist var við. Hvað varðar viðræður við Rússland flækir það málið að Rússland er í tollabandalagi við Kasakstan og Hvíta-Rússland svo að EFTA á í viðræðum við ríkin þrjú sameiginlega. Aðild að WTO er forsenda samningagerðar og því er nýtt samkomulag um aðild Rússlands að stofnuninni afar mikilvægt en búist er við því að af formlegri aðild Rússa geti orðið um mitt næsta ár. Kasakstan og Hvíta-Rússland eru ekki aðilar að WTO en ein möguleg lausn á þeim vanda er að gerðir verði þrír aðskildir samningar við ríkin sem taki ekki gildi fyrir Kasakstan og Hvíta-Rússland fyrr en af aðild verður. Á fundinum spurði Þorgerður K. Gunnarsdóttir sérstaklega út í árangur fríverslunarsamninga og hvort til væri úttekt á því hvaða áhrif þeir hafi haft á viðskiptatengsl EFTA-ríkjanna við viðkomandi þjóðir. Í ljósi þess að elstu gildu fríverslunarsamningar EFTA eru um 20 ára væri athugandi að framkvæma slíka úttekt. Giske sagði árangur samninganna góðan og að jafnaði mætti sjá mikla aukningu viðskipta í kjölfar þeirra. Aukningin væri meiri en tollalækkanir einar og sér gætu skýrt og kæmu til af því að með samningum yrði viðskiptaumhverfið stöðugra og fyrirsjáanlegra og það væri líka mikilvægur þáttur fríverslunarsamninga. Að lokum var rætt um ákvæði um umhverfisvernd og vinnuvernd, sem kynnt voru á ráðherra fundi EFTA í júní 2010 og til stendur að hafa í fríverslunarsamningum samtakanna. Ákvæðin voru sett inn í fríverslunarsamning við Hong Kong sem undirritaður var í júní 2011 en enn eru samningaviðræður við Indland og Rússland ekki komnar svo langt að ákvæðin hafi verið kynnt og rædd.

Á fundi þingmannanefndar EFTA í Genf var m.a. farið yfir stjórn málaþróun í aðildarríkjunum. Þorgerður K. Gunnarsdóttir gerði grein fyrir lokum efnahagsáætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, stöðu aðildarviðræðna við Evrópusambandið og tíðindum af landsfundum stjórn málaflökkanna. Á fundinum var enn fremur fjallað um viðskipti sem lið í þróunarstarfi, m.a. með því að veita þróunarríkjum aðgang að mörkuðum efnadri ríkja. Þá var farið ítarlega yfir stöðu fríverslunarviðræðna EFTA við Indónesíu auk þess sem þingmannanefndin heimsótti höfuðstöðvar WTO og kynnti sér stöðu Doha-samningalotunnar.

Á sameiginlegum fundi þingmanna og utanríkisráðherra EES/EFTA í Brussel var einkum rætt um stöðu EES-samningsins. Jonas Gahr Støre utanríkisráðherra Noregs flutti

framsögu af hálfu ráðherranna og greindi frá því að á haustfundi þeirra hefði helst verið fjallað um viðbrögð ESB við yfirstandandi fjármálakreppu. Þá ræddi hann úttekt Noregs á EES-samstarfinu en niðurstaðna hennar er að vænta í desember nk. ESB er einnig að vinna að úttekt á EES sem væntanleg er 2012. Árni Þór Sigurðsson spurði út í hugsanleg áhrif aukinnar samvinnu og samræmingar ESB-ríkja á sviði ríkisfjármála á EES. Þorgerður K. Gunnarsdóttir spurði hvernig unnið yrði úr niðurstöðum úttektar Norðmanna á EES og jafnframt út í umræðu í Noregi um hvort tvíhliða samningur við ESB eins og Svisslendingar hafa kynni að vera betri grundvöllur samstarfs við sambandið en nýleg skoðanakönnun í Noregi sýndi mikinn stuðning við það sjónarmið. Skúli Helgason spurði um afstöðu til hugmynda um tvískipt ESB sem ganga út á að Evruríkin hraði og dýpki samstarf sitt til að bregðast við fjármálakreppunni á meðan hin aðildarríkin sitji eftir.

Støre kvað ljóst að ríkisfjármál væru utan EES-samstarfsins og því mundi aukið samstarf á því sviði innan ESB ekki hafa bein áhrif á EES. Hins vegar mundu EES/EFTA-ríkin skoða hvaða áhrif slíkt samstarf gæti hugsanlega haft á samkeppnishæfni þeirra ef af því yrði. Þá sagði Støre niðurstöður úttektarinnar á EES verða birtar opinberlega en ríkisstjórnin mundi síðan leggja hvítbók fyrir Stórþingið með mati sínu á úttektinni og mögulegum tillögum til breytinga á grundvelli hennar. Loks kvað Støre skiljanlegt að hugmyndir væri uppi um dýpri samvinnu Evruríkjanna innan ESB en slík umræða gæti þó valdið óöryggi og tortryggni innan sambandsins. Sú umræða hefði ekki bein áhrif á EES.

Þá átti þingmannanefnd EFTA fund með sveitarstjórnarvettvangi EFTA sem stofnað var til á síðasta ári þar sem nefndin og vettvangurinn kynntu starfsemi sína. Þingmannanefndin fór yfir síðustu skýrslur og ályktanir sem gerðar hafa verið um þróunarstyrki EFTA og Noregs, skilagjaldakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir, málefni norðurslóða og stefnu ESB á sviði upplýsingatækni og fóru Árni Þór Sigurðsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson yfir tvö síðastnefndu málefnin.

Á fundi framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA var fjallað um fjárhagsáætlun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) fyrir starfsárið 2012 en framkvæmdastjórnin hefur það hlutverk að fjalla um áætlunina og skila áliti sínu. Fyrir hönd Íslandsdeildar þingmannanefnda EFTA og EES sátu Árni Þór Sigurðsson og Þorgerður K. Gunnarsdóttir fundinn. Þau kváðust ekki geta stutt áætlaða 5,61% hækkun á framlögum til ESA og bentu á að slík hækkun væri úr takti við þann niðurskurð og hagræðingarkröfur sem nú er uppi víða um Evrópu. Gerðu þau fyrirvara við álit framkvæmdastjórnarinnar um fjárhagsáætlunina þar sem fram kom að í ljósi niðurskurðar á Íslandi og áætlaðra framlaga Íslands til ESA samkvæmt fjárlagafrumvarpinu gæti Íslandsdeildin ekki stutt hækkunina.

Þingmannanefnd og ráðgjafanefnd EFTA sem skipuð er aðilum vinnumarkaðarins efna til sameiginlegrar ráðstefnu á tveggja ára fresti. Að þessu sinni fjallaði ráðstefnan um stöðu smærri ríkja Evrópu í fjármálakreppunni. Í fyrri hluta ráðstefnunnar var fjallað um áhrif yfirstandandi fjármálakreppu á hagkerfi Evrópuríkja og viðbrögð ESB við henni. Í síðari hlutanum var fjallað um áhrifin á smærri ríki og sérstaklega horft til Íslands, Noregs og Sviss. Einn framsögumanna á ráðstefnunni var Svein Harald Øygard fv. seðlabankastjóri. Hann sagði lærdóminn af viðbrögðum við kreppunni á Íslandi og kreppum á Norðurlöndum í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar þann að vel væri hægt að ná ríkisútgjöldum niður um sem næmi 10% af VLF á 3-4 árum ef pólitískur vilji væri fyrir hendi. Þetta væri mikilvægt að hafa í huga þegar horft væri til Ítalíu og fleiri ESB-ríkja sem nú standa frammi fyrir kröfu um mikinn niðurskurð á ríkisútgjöldum. Øygard minnti á þau viðbrögð Finnlands í kreppunni á tíunda áratugnum að auka framlög til þróunar, rannsókna og nýsköpunar sem hefði reynst mjög vel. Engin skilgreind hagvaxtarstefna væri á Íslandi en landið stæði vel að vígi með fisk, ál og ferðamannaíðnað en óvissa um eignarhald á fjöldamörgum íslenskum fyrirtækjum hindraði fjárfestingar auk þess sem erlendir fjárfestar virtust ekki velkomnir á Íslandi.

Frekari upplýsingar fást á vefsíðunni [www.efta.int](http://www.efta.int) og á nefndasviði.